

75. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í fundarsal ÍSí sunnudaginn 5.febrúar 2017 og hófst kl.12.00. Mætt voru Borghildur, Ása, Róbert og Gry. Rósa og Alex boðuðu forföll. María sat fundinn.

Fundurinn var haldinn til undirbúnings kraftlyftingapingsins 26.febrúar nk

**Starfsmenn þingsins:** Jóhann Tómas varapingsforseti – Borghildur talar við hann.

**Reikningar** eru í vinnslu og verða sendir út til þingfulltrúa viku fyrir þing. **Alex** með málið.

**Fjárhagáætlun** 2017. **Alex** gerir drög og sendir til stjórnarmanna. Verður kynnt á þinginu.

**Skýrsla** stjórnar. **Borghildur** tekur hana saman. María aðstoðar við öflun staðreynda. Skýrslan verður tilbúin og send þingfulltrúum fyrir þingið, en kynnt og rædd og þinginu.

**Stjórnarkjör.** Uppstillinganefnd hefur skilað tillögu, en engar tillögur hafa borist frá félögum. Tillaga uppstillinganefndar verður send út með seinna fundarboði.

**Kjörbréf.** Nú virðist búið að ganga frá félagsskiptum yfir í hið nýja Kraftlyftingafélag Reykjavíkur. Félagið fær kjörbréf miðað við fjölda iðkenda þegar kjörbréf eru send út.

**Heiðranir.** Stigahæstu félög í karla- og kvennaflokki fá afhent viðurkenningu við upphaf þings. Verðlaunahafar KRAFT á alþjóðamótum á árinu 2016 sömuleiðis. Heiðursmerkjanefnd mun skila tillögu fyrir þingið um veitingu heiðursmerki KRAFT nr 2. María skaffar viðurkenningar og blóm. Borghildur ræðir við Guðjón í heiðursmerkjanefnd.

**Önnur mál.** KFA hefur sent erindi um mál sem þau vilja ræða. Lagt til að taka þau upp undir liðnum önnur mál. Atriði sem stjórn vil taka fyrir undir þessum lið:

- umræða um hvort eigi að taka upp fyrirkomulag með keppnisleyfi þar sem greiðslan gengur til sambandsins.
- kynning á afreksstefnu. Gry sendir drögin til stjórnar til afgreiðslu.

Fundur slitið 14,30

Fundarritari Gry